




2.tölublað 2011

Elín Hansdóttir

Gjörningaklúbburinn

Guðrún Valgerður Bóasdóttir

Hlynur Helgason

Ásta Ólafsdóttir

a. rawlings

Guðrún **Hrönn** Ragnarsdóttir

Anna Líndal

Eva Ísleifsdóttir

Sara **Björnsdóttir**

Birgir Snæbjörn Birgisson

Jóhanna Kristbjörg Sigurðardóttir

Greg Barret

Þorvaldur Jónsson

Gerður Helgadóttir

Margrét Blöndal

Á lokasíðum tímaritsins má finna efnisyfirlit og
aðrar upplýsingar um innihald blaðsins.
Einnig er bennt á að listamönnum tímaritsins
verða gerð góð skil á heimasíðu Endemi

www.endemi.wordpress.com
endemitimarit@gmail.com
Skipholt 11-13
105 Reykjavík
ISSN 1670-8903

Endemi eru

Elísabet Brynhildardóttir
Lilja Birgisdóttir
Ragnildur Jóhanns
Selma Hreggviðsdóttir
Perla Dagbjartar Hreggviðsdóttir
Ásta Briem

Útgefandi, ábyrgðarmaður og umbrot
Elísabet Brynhildardóttir

Prentun Guðjón Ó.

Reykjavík 2011

Endemi 2. tölublað 2011
Tímarit um samtímalist íslenskra kvenna





Kvenlæg (ó)sýn

Texti: Hlynur Helgason

Eitt af vandamálunum í tengslum við þátttöku kvenna í almennu sýningarhaldi snýr að hugtakinu „sýn“, í merkingunni „sjónarhorn“ eða „áhorf“, enda er „sýnin“ frumforsenda þess að „sýning“ geti átt sér stað.

Sýnin er í eðli sínu út frá sjálfgefnu karllægu sjónarhorni: Greinandi, skerandi, afmarkandi og ákvarðandi. Hún fellur í sama flokk og „röddin“ – orðfærið, röksemdafærslan – forsendurnar fyrir tungumálinu gera allar ráð fyrir því að það sé karl sem talar, karl sem viðheldur hefðinni, menningunni, valdinu. Konur hafa því ekki rödd, ef þær tala ekki máli karlmanna hafa þær ekkert að segja. Það sama á við um sýnina. Hún er karllæg. Kvenleg sýn er undantekning, hún er utan almennrar (bræðra)reglu sem viðheldur samfélaginu, hefðinni, listinni. Þar sem kvenlæga sýnin er ekki almenn, eða „al-karl-menn“ öllu heldur, þá á hún ekki við, hún er ekki flokkanleg, hún er einstök og sérstæð. Út frá al(karl)mennum hugmyndum um „sýn“ þá verður kvenlæga sýnin þess vegna að (ó)sýn!

Vitaskuld er kvenlæga sýnin ekki bundin við konur, hið sérstæða getur aldrei verið bundið við neitt hlutverk eða valdaskipan. Hinsvegar er það svo að (karl)menn eiga auðveldara með að fella sig að hinu almenna: þeirra er valdið og hefðin. Það er þeirra sýn sem er ráðandi og það eru þeirra fyrirmyndir sem vaka yfir sýninni, sem veita yfirsýn og eru þeim fyrirmyndir, (karl)mann fram af (karl)manni öld eftir öld í samhengi (lista) sögunnar. Til þess að falla í kramið þarf karlinn þess vegna að uppfylla það sem hann er bestur í: Að viðhalda því sem þegar er. Til þess að falla í kramið þarf konan einnig að gera hið sama, hverfa á bak sinni (ó)sjálfstæðu sýn og sjá eins og karlinn: Almennt talið! Einstaka karlar fella sig einnig illa að þeirri sýn sem þeim er gefin, sem ætti að tryggja framgang þeirra. Það eru þeir sem líklegir eru til að gefa sig á vald kvenlægrar (ó)sýnar, eða hvaða annarrar ótryggrar og ófullburða sýnar sem ekki vinnur með hinu almenna og hinni almennu sýn.

Þess vegna er það svo að til þess að uppfylla *almennar* sýn-ingarhugmyndir er hætt á því að verk karlmanna nái betur utan um þann flokk, þannig að hið *almenna* verði ósjálf-rátt að hinu *alkarlmenna*. Til að sporna við þessu er sífellt þörf á því að sýnandinn sé meðvitaður um að móta hugmyndina í átt til sértækari áherslna, áherslna sem falla á sértækan hátt að ákveðnum konum, og nái þannig að innlima í sýn sýningarinnar áherslur sem almennt eru ósýnilegar og falla undir það sem kalla mætti á góðviðrisdögum (ó)sýn kvenna eða „kvenlæga sýn“. Sýnandinn þarf því að gagnrýna sýningarhugmyndina og fella undir hana (ó)sýningarhugmyndir til að ná inn knýjandi kvenleika, þessari „endemis (ó)sýn“ sem annars er hætt að falli á milli skips og báru. Hann verður að vera vakandi fyrir því sértæka og hann verður að vera tilbúinn til að víkja frá reglunni ef það skapar svigrúm fyrir umræðu og nýja sýn (sem vitaskuld er (ó)sýn). (Ó)sýningarhugmyndir eru kvenlægar, þær eru ekki vel skilgreinanlegar, þær eru þessvegna óvæntar og líklegar til að hreyfa við þeim stöðugleika sem hefðbundin sýn býður upp á. (Ó)sýn er nefnilega bæði annað og meira en sýn. Þess vegna er hún sérstaklega mikilvæg í myndlistarlegu samhengi.



Það eru hugmyndirnar sem standa að baki sýningum. Og að baki hugmyndanna stendur sýnin, sem er karllæg. Í grunninn má þá segja að skortur á (ó)sýn í sýningum almennt sé því hugmyndafræðilegs eðlis. Þegar sýningarstjórar, sem staðið hafa að sýningum þar sem meirihluti sýnenda eru karlar, eru spurðir um ástæðurnar þá koma þeir yfirleitt af fjöllum: Þeir höfðu einfaldlega ekki tekið eftir þessu. Þegar þeir eru síðan spurðir frekar, þá liggur svarið í því að í reynd hafi þeir ekki getað gert neitt í málinu, ástæðan liggi ekki hjá þeim heldur í hugmyndinni sem er að baki sýningunni. Þetta er þægilegt svar, því öll viðurkennum við að að baki góðri sýningu sé æskilegt að hafa góða hugmynd. Og það er einmitt hér sem kjarni málsins liggur, að þegar sýningarstjórar eru ógagnrýnir á hugmyndir sínar, þá er það hefðbundna sýnin og hefðbundnu gildin sem ráða; listamenn sem fylla upp í þá sýn eru karlmenn, eða karllægir, og inn í sýningu sem byggir á viðtekinni hugmynd er meirihluti sýnenda karlar. Það virðist vera svo að hér, sem á öðrum sviðum menningarinnar, þá er ráðandi sýn karllægar hugmyndir og að við því sé ekkert að gera. (Ó)sýnin á sér engan stað í sýn-ingarheimi karla.

Það er þess vegna sem barátta fyrir aukninni þátttöku kvenna í listsýningum þarf að ráðast af hugmyndafræðilegum forsendum sýningarhalds, það er ekki nóg að telja hlutfall kvenna og karla í sýningum, heldur þarf einnig að vinna markvisst að því að hafa áhrif á það hvaða hugmyndir liggja að baki sýningar og að því að þær séu skipulega endurskoðaðar þannig að kvenlæg (ó)sýn sé tekin með í dæmið, að auki við hina almennu karllægu. Ein aðferð til þess, eins og *Endemi* stundar skipulega, er að byrja á því að ganga út frá kynferði við skipulagningu sýningar, velja konur til þátttöku og hugmyndavinna síðan sýninguna á grundvelli þess að það voru kvenlægar hugmyndir sem mótuðu sýningarplanið. Þetta virkar vel í þessu tilviki, en þýðir þó ekki að hægt sé einnig að taka á málinu á annan hátt. Það er nefnilega svo að hugmyndir, sem skila sér oftast í karlægum sýnendum, má aðlaga og bæta þannig að þátttaka kvenna sé betur tryggð í þeim. Undanfarið höfum við séð sýningar þar sem hugmyndin byggði, til dæmis, á efnisnotkun og litavali listamanna, forsenda sem í því tilviki höfðu að til lítills hóps karlmanna í íslensku listalífi, konur voru mun sjaldnar að vinna á þennan hátt. Eða þá sýning sem byggði á því að skoða einn ákveðinn virtan listamann, karl að sjálfsögðu, og safna síðan saman vinum hans, flestir karlar. Hér er um sýningarhugmyndir að ræða sem hefði mátt endurskoða, það hefði til dæmis mátt víkka út litahugmyndina og taka á þann hátt inn teikningu í auknum mæli, auk málverksins, til að sýna hressar áherslur ungu kvennanna. Í seinna tilvikinu hefði mátt leggja vinnu í að rannsaka betur listheim virta listamannsins, skoða forsendurnar og bæta við konum – ástkönnum, músum, vinkönnum og listakönnum sem voru að vinna á líkum forsendum – og tryggja þannig (ó)sýnileik þeirra.



Polish People's Republic

OK

1962

1141

900

Brzezinski



Öppdeit að austan..

Í fyrsta tölublaði Endemi tókum við púl sinn á Þórunni Eymundardóttir forstöðumanni listamiðstöðvarinnar Skaftfell á Seyðisfirði. Í þeirri umfjöllun kom fram að Þórunn myndi láta af störfum strax það vorið, sem var Endemis mis- skilningur og biðjumst við innilega vel- virðingar á þeirri rangfærslu. Satt er að Þórunn mun sinna starfi forstöðumanns fram að áramótum þegar Tinna Guðmundsdóttir tekur við.

Tinna Guðmundsdóttir er myndlistakona en jafnframt útskrifuð úr menninga- stjórnun frá Háskólanum á Bifröst. Hún stýrði framkvæmd gjörningalista- hátíðarinnar Sequences 2008-2009 og var framkvæmdastýra Nýlistasafnsins árið 2009. Því má gera ráð fyrir áframhaldandi öflugu menningarlífi á Seyðisfirði, að því gefnu að nægilegt fjármagn finnist til starfsins.

Hvað varðar fjármál hefur Skaftfelli ásamt tveimur öðrum menningarmiðstöðvum á Austurlandi loksins verið tryggt rekstrarfé til næstu tveggja ára. Þegar síðasta tölublað Endemis kom út voru samningar í lausu lofti þar sem menningarmið- stöðvunum var ekki ætlað fé í nýjum menningarsamningum og mikil óvissa ríkti um starfsseminu. Fjármálaráðherra undirritaði nýverið samning við fulltrúa Fljótsdalshéraðs,

Fjarðabyggðar og Seyðis- fjarðar, samkvæmt þeim samningnum er framlag ríkisins alls 12 milljónir á ári eða 4 milljónir á hverja miðstöð. Sveitarfélögin þrjú leggja síðan hvert fram 4 milljónir á móti. Jafnframt sagði Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra að menntamála- ráðuneytið myndi styðja við rekstur menningarmiðstöðvanna út þetta ár eða þangað til nýji samningurinn tekur gildi.

Aðspurð segist Þórunn fagna því að samningar hafi náðst, þó upphæðin sé heldur lág. Jafnframt segist hún forvitin að vita hvernig þeim fjármunum sem áður fóru til ýmissa menningartengdra verkefna verði deilt úr ríkiskassanum. Sú breyting hefur orðið þar á að öllum styrkúthlutunum sem áður fóru í gegnum fjárlaganefnd verður nú beint í gegnum fagfélög, menningarráð og ráðuneyti menningarmála sem síðan deila styrkjunum áfram með skipulögðum hætti. Til að tryggja nægilegt fjármagn til blómlegrar starfsemi verður Skaftfell líkt og aðrar menningartengdar stofnanir að vera með allar klær úti til að afla sér fjár- magns umfram þá upphæð sem nýundir- ritaðir samningar hljóða upp á.

Af Þórunni sjálfri er það að fréttu að hún hyggst einbeita sér að eigin list- sköpun um tíma og óskum við henni góðs gengis með allt það sem hún tekur sér fyrir hendur.



Q: What is this?

A: This is a vase. It operates as something like a embassy for Nature but inside the home. It acts as a bridge between the inside and the outside. The home is like a breathing thing. Various items: commodities, people and other objects pass through, come and go. Wild bits of Nature, chosen from here and there, now and then, find a place within the home in the vase. This will cast ones home feeling back into the outside world, as you will identify the Nature there as being similar to the Nature you have brought into your home. and vice versa. This is the bridge, the dialectic of the vase.

Thus the more 'common' (typical, venjulegt, often, likely, líklega) are the things you take home, the more at home you feel in the territory outside.



At it's worst romance is simply Love divided by gender multiplied by commodity

Q: Seriously?

A: Yes it works. Very well. For me at least.

Q: That all sounds quite romantic.

A: Well, that depends, this is a tricky word. If you mean the classical definition of The Romantic Era: A reaction against the scientific rationalisation of Nature, I would say yes. The ceramic ingredients are for the most part harvested by hand, the form is thrown on the wheel rather than the more industrial casting method, and the glaze is free to play accross the surface of the vase as it crawls into a random pattern during its firing.

If on the other hand you refer to "Restaurant Romance" then no actually it is the opposite.

This vase accommodates the undistinguished, the usual, the everyday rather than the ideal, supposedly special, rare or perfect.

Q: So do you see the Romance of today as a having a distinct definition from the Classical definition?

A: Romance of today has no distinctive definition. It is a word operating with at least two completely opposite meanings. In todays parlance Romance can be understood to describe something as heartfelt, sincere, devoted. But it can also be understood to mean corny, cheesy, something staged or lacking in sincerity or authenticity. Why is this?

Does it mean one thing when a woman says it and another when a man says it? There are not many words which can have such bipolar meaning. Not even Love.

It seems that Romance swings wildly from the authentic to the inauthentic, plus or minus, depending on its use, because it's always a potentially commodified object operating under the gravity of gender. or vice versa. Its very confusing. Anything but distinct. At its worst Romance is simply Love divided by Gender multiplied by a Commodity.

Nevertheless its amazing the successes it seems to have in the real world. Consider for example the guy who buys a dozen roses for the girlfriend to defend himself because he's always absent without leave down the pub with the lads. The lads think its sappy cause he's being "all Romantic". But if thats romance then its also a kind of impotence. Its a kind of defense mechanism, a gesture of helplessness.

Hello darling, here is one gender-specific token; dozen roses, box of chocolates, whatever... A token of affection is sometimes just that: a token. At least with a gift voucher you are given a bit of choice. But that wouldn't be Romantic I suppose.

Q: So... getting back to the vase...


A: Yes. So the vase is an expression of this contested word, or a physical territory of the contested meaning of the word. Im reclaiming the object from the sweaty palm of "Romance" in favour of a simple breath of fresh air.

Q: So you see the vase as the playing field or battle-ground for challenging these notions of Gender, Nature and Culture?

A: Sure. Why not. What isn't? My job as an Artist is to find any facet of Life in potentially any object. Using any means at my disposal. I just happen to like Pottery.



Words and pottery Greg Barret



Hugleiðingar um teikningar og rými

TEXTI ELÍSABET BRYNHILDARDÓTTIR OG
MARGRÉT H. BLÖNDAL

Í vor hittumst við Margrét H. Blöndal á sýningu hennar *Slíður* *The heart is a lonely hunter* í gallerí SuðSuðvestur í Reykjanesbæ. Á sýningunni sýndi Margrét teikningar sem hún vann meðan á vinnustofudvöl hennar í Laurenz Haus Stiftung í Basel stóð yfir árin 2009-2010. Síðasta sumar var sýningin svo sett upp á norræna tvíæringnum Momentum sem haldinn var í Noregi.

Teikningarnar eru unnar með ólívuolíu og vatnslitum og hverri og einni er smeygt inní sitt sérsníðaða plexígler slíður.


Þessi slíður eru ekki einungis verkleg og hagnýt heldur gefa þau til kynna að tilurð verkanna hafi orðið við ákveðna viðureign. Hér var þó ekki um líkamlega átök að ræða, slíðrun verka Margrétar gefa frekar til kynna þá leit og orku sem lögð er í sköpun þeirra.

Í ferð okkar um sýningarsalinn barst talið ekki einungis að sköpun og slíðrum. Margrét hefur fengist við innsetningar og skúlptúra á listferli sínum og urðu því snertifletir og mörk teikninga og skúlptúra okkur hugleikin.

Hvað er líkt með því að vinna í rými og að teikna?

Hvenær verður hið tvívíða þrívítt?

Hver er munurinn á að beinlínis teikna hlut/fyrirmynd og nota hann sem stökkpall?



Teikning snýst um augnablikið. Í teikningu er bein tenging milli skynfæranna og þess sem teiknað er, skynfærin skerpast, eflast og þú dregur upp það sem þú *finnur* núna. Þegar ég vinn beint inn í rými eru sömu lögmál þar á ferðinni. Ég bregst við rýminu á þeirri stund, skima yfir salina og handleik efniviðinn á tilheyrandi hátt.

Í upphafi verður að finna fastan punkt. Hann er nauðsynlegur svo þú getir spyrrt við fótum og hafið þig til flugs. Í því óræða rými er mögulegt að sjá frá öðru sjónarhorni.

Um leið og pensillinn komst í tæri við ólífuolíu þá varð hann skúlptúrískur og teikningin þrívíð. Mér fannst ég geta mótað flötinn, unnið inn í hann í stað þess að vera að vinna á eitthvað flatt. Ég stjórna ekki hvernig ólífuolían gengur í samband við litina og hvar hún kemur til með að flæða út í blaðið. Mér hefur alltaf fundist heillandi að fylgjast með eiginleikum efna og hvernig þau bregðast við áreiti. Með aukinni reynslu get ég kannski vitað hverju ég á von á en útkoman verður alltaf einstök. Þessar teikningar vann ég í beit meðan ég hafði setu í húsi í miðri Evrópu. Ég sat við gluggann og horfði út í garð, horfði mig gegnum fjórar árstíðir og þráði lífsmark. Á milli setanna fór ég í gönguferðir og saug upp í gegnum myndavélalinsuna það sem varð á vegi mínum. Ég fór svo yfir myndirnar á tölvuskjánum og staðnæmdest við eitthvað sem fangaði athygli mína. Það gat verið hvað sem var: hreyfingar, þyngd, skrokkar, litir, línur, form, eitthvað í bakgrunni. Það sem vakti áhuga minn var eðli myndefnisins, ef ég t.a.m. var að teikna hund þá skipti hundurinn í sjálfu sér ekki máli heldur frekar kenndin í líkamsstöðu hans og ég gleymdi fyrirmyndinni fljótt.

Myndirnar urðu margar og söfnuðust saman á veggina um kring. Stundum kallaði ákveðinn klasi á nýtt viðfangs-efni, nýjan tón eða sveiflu og þá fór ég út á veiðar. Ég undi vel með myndirnar á veggjunum meðan ég vann en ég vissi að ég þyrfti að finna þeim annað birtingarform sem lá ekki í augum uppi. Þær kölluðu hver á aðra og þær nutu þess einnig að vera lagðar flatar. Eftir að ég sneri aftur til Íslands lágu þær hjá mér í bunka milli þess sem ég raðaði þeim á gólfið og eftir ýmsar bollaleggingar urðu til plexíglersslíður sem eru opin á hliðinni þannig að hægt er að renna teikningunum inn. Slíðrin verja þær hnjaski en um leið er auðvelt að renna þeim út úr opinu aftur. Hugmyndin um slíður klingdi strax við eitthvað inni í mér. Slíður eru hylstur utan eitthvað, þau eru notuð til að verja það sem hvílir í þeim en einnig umhverfið fyrir því sem hvílir þar. Slíðraður hlutur dvelur um stund en möguleikinn að komast aftur á kreik er alltaf til staðar. Mér fannst eiga vel við tilurð verkanna að hvíla í slíkum hulstrum þar sem þau eru sprottin úr þeim eigindum sem eru sibreytileg, kvik og allt um kring.

Þegar teikningarnar voru komnar í slíðrin tók við ferlið að tengja þær umhverfinu. Þær hafa eiginleika hlutar til að geta hvílt á borði, á gólfi auk þess sem hægt er að hengja þær upp á vegg. Ég hef sýnt þessi verk tvisvar. Í bæði skiptin bjó ég til umgjörð með því að mála vegg og gólf í sama lit en gólfið einum tóni ljósar. Ég stillti síðan myndunum upp bæði á gólfi sem á veggjum og þar sem gólfið var ljósar ýtti það undir tilfinninguna að gólf væri veggur og veggur gólf og rýmið snerist aðeins.

-

Ég verð að hreyfast sjálf því annars stífna ég og staðna. Hugurinn getur stíflað mann með sínu áreiti en inni í líkamanum er eitthvað sem *veit* betur og leiðir mann áfram. Maður verður að opna rásina þangað til að geta tekið á móti vísbendingum allt um kring. Ég held að flestir upplifi stundir þar sem þeim finnst ekkert vera að gerast, að þeir séu í einhverju tómi. En þetta tóm er einmitt svo mikilvægt því þá er að síast inn næringarforði. Þegar þér tekst að komast að þessum rásum þá leita hlutirnir upp á yfirborðið og raðast saman þannig að það er eins og þeir hafi alltaf verið til, marglaga og margvíslegir.

Verkin mega aldrei verða persónuleg þerapía. Þau verða að fara út fyrir myndlistarmann þangað sem þau eignast sjálfstætt líf. Verk mín eru sprottin úr upplifunum mínum en fólk þarf samt ekki að vera inni í ævisögu minni til að skynja þau. Ég þarf að búa mér til andlegt rými til að geta unnið og það sæki ég með aðferðum hreyfingarinnar innan og utan líkamans. Ein gjöfulasta inspirasjón sem ég hef orðið fyrir var að handleggsbrotna og þurfa að fara í sjúkraþjálfun á eftir. Í þeirri meðferð og með aukinni líkamsvitund opnuðust innri rýmin. Mér finnst endalaust athyglisverðir þessir heimar utan líkama og innan hans. Rými sem þenjast út og rými sem dragast saman. En í verkunum verður líka að vera einhver broddur og togstreita, að maður og áhorfandi finni fyrir glímunni við viðfangsefnið.

Það er erfitt að henda reiður á hvað gerir verk tilbúið. Allt í einu ertu einfaldlega sannfærður um að sú sé raunin. Það hljómar kannski eins og hentistefna að maður sé að fría sig ábyrgð en staðreyndin er sú að verk þróast gjarnan í allt aðra átt en maður hugði eða jafnvel langaði til. En þegar það er tilbúið er vissan stöðug.

Undirtitillinn *the heart is a lonely hunter* er tilvísun í titil á frægri bók bandaríska rithöfundarins Carson McCullers. Á þessu tímabili sótti ég í verk Suðurríkjahöfunda eins og hennar og William Faulkners. Það er í þeim undiralda eða taktur sem togar mann niður á jörðina en kemur um leið af stað einhverjum boðefnum í líkamanum svo maður getur hafið sig inn á önnur svið. Í vinnuferlinu samsamaði ég mig þeim sem er á veiðum, skimandi eftir bráð sem er breytileg að lögun og lit en er þess eðlis að hún togar mann áfram og gerir lífið þess virði að lifa því.



IT STILL

clearly

is

Data vs

instincts

THERE'S MORE TO LIFE THAN

CONCRETE

secret

moment

a huge inspiration.

lots of ideas pop into my head

SOMEHOW THE CREATIVE HUMAN IMPULSE COMES THROUGH

Rebels

WILLING TO ENGAGE WITH

New ways to

KNOW

what if

original success

Superior improvement

is

sculptural

?

I'M



GOING



to save the

History of

ART

.









































OK!

viðtal við Önnu Líndal, Ragnhildur Jóhanns tók saman

Kyngervi og hlutverk þess í samfélaginu hefur lengi verið viðfangs-efni Önnu Líndal. Anna heldur því fram að djúpstæð áhrif sögulegrar kúgunar og ímynda hafi áhrif á nánast allt okkar daglega líf, en valdakerfi og birtingarmyndir þeirra tengdar kynhlutverkum hafa verið uppistaðan í mörgum verka hennar.


„Að tengja líkamann við náttúruna er atriði sem ég hef lengi haft ákveðna meðvitund um, en hef ekki skoðað það sérstaklega fyrir en núna í september, þegar ég gekk með gönguhópnum mínum á fjallið Ok. Í tilefni að ferðinni sendu fararstjórnir út tölvupóst á hópinn þar sem fram kom meðal annars að samkvæmt íslenskri þjóðsögu séu Ok og Skjaldbreiður steinrunnin risabróst ungrar tröllkonu sem varð að steini um það leyti er tröll áttu að hafa verið nánast aldauða á Íslandi.“ Anna segir að þessi tenging Oksins við bróst á tröllkonu hafi breytt öllu hennar viðhorfi til göngunnar.

„Í ágúst hafði ég gengið með sama hópi á Skjaldbreið án þess að vita að um „tröllkonubróst“ væri að ræða. Á þeirri göngu gekk ég hlutlaus á fjallið og velti hvorki fyrir mér bróstum né öðrum líkams-tengdum hlutum. Hinsvegar á seinni göngunni á Okið var ég allan tímann meðvituð um að vera að þramma um bróst þessarar ungu tröllkonu.“



Í framhaldi af því fór Anna að skoða örnefni landsins út frá samhengi nafngifta þeirra, en hefð er fyrir því meðal annars að nefna fjöll eftir karlmönnum, helst landkönnuðum. Pálsfjall í Vatnajökli nefndi breski landkönnuðurinn William Lord Watts eftir Páli Pálssyni samferðamanni sínum. Pálsfjall er dæmi um nafngift þar sem nafnið tengist líkama Páls ekki á nokkurn hátt. Fjallið er þannig tengt persónu Páls, sem vekur upp forvitni um manninn og formgerir minningu hans.

Öðru máli gegnir um örefni eins og Geirvörtur í sunnanverðum Vatnajökli sem eingöngu tengist ákveðnum líkamshluta og hefur óneitanlega vissa erótíska skírskotun. Þá má einnig nefna Kaldaklof og Kaldaklofsfjöll í Rangárvallasýslu, Skaufa við Túná og Gunnufuð í Þórsmörk, að ógleymdu Skaufaseli og Meyjarseli við Bjarnarfjörð. Athuganir Önnu á sögu örnefna fjalla snúast fyrst og fremst um hvernig tengsl einstaklings við umhverfið mótast, hvernig þeim er stýrt með tungumáli, og sögu þess hvernig menningin skrifar sig á landið.







Eigum við að tala um myndljóð?



Hvað þýðir þetta eiginlega?

Hvernig segir maður 'sljór' á ensku?

Og af hverju er 'sljór' the primary connection between 'ljóð' og 'poem'?

Hvernig er þetta myndljóð? →
Can þú sjá þá?

JA'

Ókei! svo, when you look at this,

a) do you read this as text?

nei

b) does your relationship to the dominant (or most visually enhanced) letters change?

já

c) what do you see?

ég sé stafi, fókus á stafi,
ég sé línur og ég hef
uppgötvast að mér fýkir
váent um ð

!! This is my favourite letter!!

plural [pluərəl] fleirtala, fleir-
lölu-
plus [plʌs] að viðbættu, plús.
plymouth [pliməθ]
plutocracy [plu:'tɒkrəsi] auð-
veldi; auðmannastjórn.
ply [plai] stunda, nota kost-
gæfilega; nauða á e-m; sigla,
fara áætluðarferðir milli
staða.
p.m. [pi:'em] (post meridiem)
eftir hádegis, síðdegis.
pneumonia [nju:'mɔnjə]
lungnabólga.
poach [pəʊtʃ] skjóta (veiða)
dýr í ólofvi; poacher veiði-
dýrabíttur.
pocket [pɒkɪt] stíngi í vasa
sinn; vasi; -book vasabók;
-handkerchief vasaklútur;
-knife vasahnifur.
poem [pəʊm] kvæði.
poet [pəʊt] skáld, poetaster
[pəʊ'testə] leirskáld.
poetic [pəʊ'etɪk] skáldlegur.
poetry [pəʊ'trɪ] skáldskapur í
bundnu máli; kvæðskapur,
líðmáli, kvæði.
point [pɔɪnt] benda, miða;
ydda, hvesa, leggja áherzlu
á; oddur, átt (p. of the sky);
atriði, tilgangur, angnamíð;
haka; depli; broddur; punkt-
ur; staður; höfði, annes;
carry to a p. ganga svo langt
í að ...; the p. is a catatonia
er ...; on the point of rétt
að því kominn að p. out
benda á e-ð, almighty one
on the p. rokna kjóttshögg;
a pointed answer hvasst
(smíugt) svar; -blank beint,
blátt áfram; edly napurlega,
hnittilega; -less oddlaus,
sljór, kraflaus, merglaus.
poison [paɪzn] gefa inn eitru,
eitru, drepa á eitru; eitru.
poisoner [paɪznə] eitruþráli;
eitruari.
poisonous [paɪznəs] eitruður.
poke [pəʊk] stinga í, reka í,
skara í eld (p. the fire);
snúðra.
poker [pəʊkə] eldskörungur.

COUNTER-MAP:

If poem = ljóð,
then connective
tissue plots a
vivisection.

— How do you pronounce it?

obviously. But how does it SOUND?

Petta er hljóð falstrar hamingju.
Petta er hljóð falstrar hamingju.

Like

Petta!



ch r ph hr
ph

this

EINS OG

HI
jóðl
jóð
eftir
Ang
elu
Raw
lings



Hvað gerir þetta að myndljóði? →

When you look at this, what do you see?

Litadan pappir, abstrakt, orð svart og hvítt.

How do you read what is erased or censored?

Eg les formín. Is it a ship? Eg held

að þetta sé hótél með loknu augu.

So, you see a relationship. Eg sé hann

og eg sé hana, fingur sem skrifar

í háhyði. You are most beautiful in these

moments of interpretation. Is there any

difference between reading and interpretation?

Mannurinn er enginn. Here, we

estrangle ourselves from what we imagine

we know so well: our abilities to see

and to read. Þetta er annarskonar

lestur, nær lengra en aðeins orðin.

Þetta er the estranged difference of

orðin svart og hvítt in bruised sheets.

She

her eyes

eves.

She

Presently she looked at the sheet again.

writing

writing

Then you must know what it means—you must be able to read it

he wrote

Usually he wrote but when he was in a he just scrawled things down like and you knew what he was likely to be writing about you what the words were from the first letters and how long they looked.

He thought it would mean something to you.

Is it a ship? Is it a hotel?

his fingers must have been bruising her

She

She

her eyes

It's late Friday afternoon

SUMMER

CHECKING IN

at the biggest contemporary art fair in

THE FUTURE

PEOPLE
ARE
TALKING

Redefining timeless

TO THINK DIFFERENTLY ABOUT

INFINITE DYNAMICS.

the gospel of If

BIG PUBLIC

CELEBRATION

A

GLITTERING NIGHT

SOMETHING

Good

AND

TENDER IS

to be immortalized

A

Divine

PASSION

OF

Art

What's wrong with
this picture?

IDEAS

Centers of Excellence

BETWEEN THE LINES

down to the point

anywhere in the world.

DESERT GOLD

THE **third** **dimension**

A really big world.

You are so there.

KINGDOMSBLUE

The man walks around in his head, he has lots of animals which he gives food on the floor to, while he has his coffee and smoked pig with potatoes. He is both blind and speechless, but sees and knows lots of colorful things. He often smiles for a while but most often he is expressionless. No face movement can express the things he knows. Just by knowing them makes him happy most of the time. Sometimes he finds that he knows them too well, then he gets lost. Once a day he lies down on the floor so he can be closer to his animals. Mostly he does that when he is sad, then the animals makes him happy again with their powerful surroundings of spirit.

He knows them all by names, based on their presence as they come to him.













i(m)material girl

Ég er i(m)material girl. Madonna, minn kæri félagi í listinni, á samtál við mig og mína nafngift í hinu margumtalaða lagi Material Girl. Í múnderingu með oddhvössum brjósthaldara er Madonna óhrædd við að birta hlutgervingu sína á sama tíma og hún tjáir að það sem komi henni til séu strákar með efnisleg gildi í þessum efnislega heimi. Demöntunum er flengt í andlitið á Madonna af karlmönnum sem umkringja hana og þar keppast Madonna og demantarnir um sitt umframvirði. Þarna mætumst við stöllum, ég og Madonna, þar sem við gerum grein fyrir því hvar efnisheimurinn hefur staðsett okkur og okkar hugveru í heiminum. Innan kapitalísks samfélags birtist ég sem kona, sem líkami, sem vinnuafl, sem húsmóðir og í einstökum tilfellum sem hóran sem færir karlkyninu það sem fæst ekki á heimilinu í tilraun til að efla hann. Í þessum heimi beiti ég mér og mínum líkama til að öðlast minn sess, afla tekna minna, lifibrauðs míns.

Á vorum póst-fordísku tímum hefur hinsvegar hugmyndin um efnisheiminn og hinn efnislega vinnumann tekið stakka-skiptum þar sem áherslan færist á óefnislega þætti: hugvit þitt og sköpunarmátt. Þú ert þar með alltaf í vinnunni, alltaf að hugleiða hvar þú getur beitt þér til þess að vera arðbær, í hvaða samhengi sem það er. Þú ert heimavinnandi og þú ert hóran sem selur vöruna, óefnislegu vöruna þína, með hugviti þínu, nærveru og líkama. Skjáirnir á milli okkar varna því að oddhvassi brjósthaldarinn poti næsta mann í augað. Hugvit mitt færir mér leið til þess að aftengjast líkamlegri nærveru minni og þar með kyni. Sem óefnislegar, heimavinnandi hórur erum við því öll á jafningjagrundvelli.

Ég tók nýverið eitt stórt skref í átt að því að vera fullgild heimavinnandi hóra þegar ég fór í fóstureyðingu – enga veraldlega kynjabundna hömlun á þessu heimili, takk fyrir. Ég, sem kona, tek þar með ákvörðun sem miðar út frá því að ég hafi stjórn á eigin líkama, og sýni það með gjörð sem endar ákveðið ferli og gerir mig í stakk búna til að segja: „Ég hugsa og þar með er ég,“ líkt og kvenfrelsishreyfingin hefur barist fyrir.

Þar erum við hinsvegar komin að öfugsnúnum punkti. Ég burðast með konulíkama í þessu lífi og við þessa reynslu kom fram ný upplifun á honum. Legið sem skríður saman og fagnar því minni sem liggur í einstaka þrýstingi frá stífluðum þörmum, hefur aðra sögu að segja. Sem i(m)material girls búum við listakonur við öfugsnúnar aðstæður. Frelsunin frá því að vera heimavinnandi og spýtandi út úr sér börnum hefur fært okkur í aðra ánaud. Þar sem geta okkar og viðvera í heiminum sem konur er ekki tekin til greina. Ánaud kvenlíkamans í kapitalismanum birtist enn á ný í óefnisleikanum.

Sem i(m)material girl leitast ég eftir mínum efnisleika líkt og nafn mitt gefur til kynna. Mikilvægt er að virða aftur fyrir sér þau gildi sem hurfu með læk hnappnum. Talað er um að fjórða kynslóð femínismans muni finna sína birtingarmynd á netinu. Þar spretta upp samræðurými þar sem konur finna leið til þess að tjá og finna sína sameiginlegu rödd á alnetinu. Konur lækja á fésbúkkinu framtak stóru systur, þar er samhugur. En hvar höfum við og munum við mæta reynsluheimi þeirra kvenna sem við erum að lækja við?

Reynsluheima okkar og sjónarmið álít ég mikilvægari en svo að læk hnappurinn sé nóg. Samræða sem skilgreinist af læk er ekki einu sinni einvið heldur núllvið – ekki rými, ekki flötur, ekki einu sinni lína, heldur punktur. Af eða á. Já eða nei. Lækðu eða haltu kjafti. Á tímum sem þessum kemur það í okkar hlut að gera og þar með að upplifa og leyfa líkómum, raddböndum að miðla til þess efnislega heims sem heimtar að við virkjum nýsköpunarmátt okkar til arðbærar framleiðslu.

Óefnisleiki minn hefur opnað mig fyrir stærra samfélagi. Ég get ekki lengur skilgreint mig út frá einu sambandi heima við þar sem ég er nú alltaf allstaðar. Óefnisleiki minn leyfir mér að leita meira út á við með mína ást og áorkan á heiminn. Ástin á ekki lengur heima í mér sem konu á mínu heimili sem húsmóður, hún nær meira út á við. Ég elska ykkur. Tölum saman. Mér finnst þetta ógeðslegt.



„Myndlist þykir frekar sértækt áhugamál og ég er ekkert endilega að tala mikið um myndlist innan míns vinahóps, þar fer oft betur að tala til dæmis um bjór, viskí og góðan mat“



SKYNDISKOT

HVER: Guðrún Valgerður Bóasdóttir, alltaf kölluð Systa.

HVAÐ: Framtakssamur friðarsinni, myndlistaáhugakona, ríkisstarfsmaður.

ENDEMI: Listaunnendur leynast víða og er það síður en svo að maður þurfi að vera menntaður í myndlist eða heimspeki til þess að geta notið myndlistar. Við kynntumst Systu þegar hún las upp eitt af verkunum á hljóðverkasýningunni ENDEMI óhljóð, sem ENDEMI stóð fyrir í samstarfi við Jafnréttisdaga Háskóla Íslands og Nýlista-safnið Reykjavík. Ástæðan fyrir því að við ákváðum að taka tal af Systu er að okkur barst til eyrna að hún hafi um árabíl safnað myndlist.

FRÍÐUR: Helstu áhugamál Systu eru myndlist og heimsfriður. Hún hefur verið virk í Félagi íslenskra hernaðarandstæðinga og ein af aðstandendum kertaflýtingar á Tjörninni allt frá byrjun 1984. Þá hefur hún komið að skipulagningu ýmissa friðarhreyfinga á Íslandi og stuðlað að samstarfi þeirra í millum. Hún er baráttukona gegn stríðsrekstri almennt og er mikið í mun að fólk gleymi ekki kjarnorku-vánni sem er óneitanlega enn til staðar. Þá hefur Systa ásamt Félagi hernaðarandstæðinga staðið fyrir friðargöngunni niður Laugaveg á Þorláksmessu um árabíl.

MYNDLIST: Hún hefur alla tíð elskað myndlist og segist ekki frá því að það liggi bara svolítið í ættinni. Kjarval var frændi hennar og þó Systu hafi þótt hann stórfurðulegur þegar hún var að alast upp fannst henni ofsalega gaman að horfa á hann mála. Þá eru systurnar og myndlistakonurnar Róska og Borghildur Óskarsdætur frænkur hennar. Þessar konur kenndu henni mikið um myndlist og ýttu undir myndlistaráhugann. Systa segist alla tíð hafa þekkt og umgengist mikið af myndlistarfólki, til dæmis var systir Gerðar Helgadóttur góðvinkona hennar og í gegnum þau kynni lærði hún að þekkja myndlist Gerðar, sögu og ævintýri heima og að heiman.

Aðspurð um hvort eitthvað sé í sérlegu uppáhaldi hjá henni þegar kemur af myndlistinni segir hún að ef hún þyrfti að velja yrði það COBRA hópurinn. Þar hafi einfaldlega verið saman komnir svo margir frábærir listamenn úr mismunandi skólum, til að mynda frá CO(benhagen), BR(ussel), A(msterdam) og víðar ...og svo auðvitað Svavar Guðnason frá Íslandi. Það eru ekki endilega efnistökin sem heilla hana heldur þessi fjölbreytileiki hópsins, hvað þeir gerðu mikið og hvernig þeir sameinuðust í listinni.

„Ég hef þekkt COBRA svo lengi að ég veit varla hvaðan sá áhugi kemur. Það sem mér finnst áhugavert við COBRA er hvað þeir voru langt á undan sinni samtíð. Mér finnst margt af því sem er að gerast í myndlist í dag svipa til hugmynda og verka COBRA hópsins“

Hún segir áhrifa hópsins gæta víða. Á ferðum sínum um heiminn er hún alltaf jafn hissa þegar verk þessara listamanna dúkka upp á ólík-legustum stöðum, líkt og Rússlandi og Sýrlandi. Að hennar mati hefur SÚM hópurinn komist næst því á Íslandi að vera eins og COBRA.

SÖFN: Aðspurð um það hvort hún fylgist mikið með því sem er að gerast í myndlistinni í dag segist Systa reyna að fylgjast með og fara á sýningar eins mikið og hún getur. Systa hefur farið á söfn um allan heim og talar um að einna minnisstæðast sé myndlistasafnið í St. Pétursborg sem var svo stórt og stórkostlegt að það tók hana margar vikur að melta allt það sem fyrir augu bar. Sambýlismaður Systu frá unglingsaldri, Elvar Ástráðsson, deilir með henni myndlistaráhuganum og saman hafa þau ferðast heimshornana á milli og skoðað myndlist t.a.m. í Mið-Austurlöndum, Afríku og vítt og breitt um Evrópu.

Uppáhalds safnið hennar er samt COBRA safnið í Amsterdam. Þar kynntist Systa Corneille (Cornelis Guillaume van Beverloo), einum af hennar uppáhalds myndlistarmönnum, og eina eftirlifandi meðlim COBRA. Hún á tvö prentverk eftir Corneille sem hún keypti á COBRA safninu, og fyrir skemmstu fékk Systa tilboð þar sem safnið falaðist eftir að kaupa aftur þessi verk. En hún segist ekki hafa áhuga á að selja þau þrátt fyrir að verkin hafi víst þrefaldast í verði frá því hún keypti þau upphaflega.


Systa á orðið ágætis myndlistasafn og talar um að þurfa að halda aftur af sér þegar kemur að listaverkakaupum sökum þess að hún er uppi-skroppa með pláss í íbúðinni sinni. Safnið er orðið svo fyrirferðamikið að margt af því er geymt inn í skápum eða á veggjum á heimilum systkina hennar. Í framhaldi af því veltir hún upp spurningunni hvort maður eigi nokkuð að vera að einblína á að kaupa verk. Það sé vel hægt að fara bara á söfn og njóta þeirra þar, auk þess sem hægt sé að leigja list frá Borgar-bókasafninu til að hafa heima hjá sér, sem sé einstaklega skemmtilegt framtak.







Það er frumskógur þarna úti





Texti
Hlynur Helgason
mynd
Elísabet Brynhildardóttir

Teikn
Ásta Ólafsdóttir
astol@ismennt.is
www.ismennt.is/not/astol/
ljósmyndir Lilja Birgisdóttir



Stutt um Okið
ljósmynd
2010
Anna Líndal
www.annalindal.com

-
2011
veggmálning og
akrýl lakk
Þorvaldur Jónsson



Perla Dagbjartar
Hreggviðsdóttir og
Elísabet Brynhildardóttir

ljósmynd/photo
Björn Árnason

Ljóshærðir tónlistarmenn
2011
Olía á 12"
hljómplötuumslög
Birgir Snæbjörnsson
birgirsb@internet.is
www.birgirsnaebjorn.com



*Words and pottery/Texti
og keramik*
Greg Barret
2011
ljósmyndir/photos
Björn Árnason

-
Elín Hansdóttir
snapshot
2006 (buxur)
2009 (gluggi)
www.elinhansdottir.net



Frumdrög að járnverkum
1952-53
Gerður Helgadóttir, birt með
góðfúslegu leyfi Gerðarsafns

Texti Elísabet Brynhildar-
dóttir og Margrét H. Blöndal
teikning Elísabet Brynhildardóttir



-
Elín Hansdóttir
snapshot
2009
www.elinhansdottir.net



Texti Margrét H. Blöndal og
Elísabet Brynhildardóttir

Teikning úr seríunni
*Slíður the heart is a
lonely hunter* 2010
vatnslitur, blýantur og olívuolía
Margrét H. Blöndal
www.margrethblondal.net

Gúllas
2011
Gjörningaklúbburinn
blönduð tækni
ilc@ilc.is
ilc.is



*Milli línanna
/between the lines*
2011
Sara Björnsdóttir
sahara@internet.is



Gúllas
2011
Gjörningaklúbburinn
blönduð tækni
ilc@ilc.is
ilc.is





Broken Cul-de-sac
skissa fyrir skúlptúr
2011
Eva Ísleifsdóttir
evaisleifs@gmail.com
evaisleifs.tumblr.com

kingdomsblue
2011
texti og ljósmynd
Án titils
2011
blýantur á pappír
Jóhanna Kristbjörg
Sigurðardóttir
j.kristbjorg@gmail.com




Exit sign
2010
Viking helmet / disco ball
2010
skissa fyrir skúlptúr tölvu
collage/teikning
Eva Ísleifsdóttir
evaisleifs@gmail.com
evaisleifs.tumblr.com

Án titils
2010
blýantur á pappír
Jóhanna Kristbjörg
Sigurðardóttir
j.kristbjorg@gmail.com



Ragnhildur Jóhanns
og Anna Líndal
mynd
Ragnhildur Jóhanns

Perla Dagbjartar
Hreggviðsdóttir og
Lilja Birgisdóttir
ljósmyndir
Lilja Birgisdóttir



Án titils
2011
Ljósmynd á aluminium
Guðrún Hrönn Ragnarsdóttir
gudrun.ragnarsdottir@viapori.fi
www.gudrunhronn.com

Þorvaldur Jónsson
ljósmynd
2011





Samræður Ragnhildar
Jóhanns og a. rawlings
um myndljóð
2011
<http://writing.upenn.edu/pennsound/x/Rawlings.php>

Bryndís Björnsdóttir



Samræður
Ragnhildar Jóhanns og
a. rawlings um myndljóð
2011

Endemi



Milli línanna
/between the lines
2011
Sara Björnsdóttir
sahara@internet.is

Við bendum lesendum á að frekari
upplýsingar um myndlistamenn tímaritsins
er að finna á heimasíðu Endemi:
www.endemi.wordpress.com